

## **Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals**

Ár 2017, mánudaginn 8. maí, var haldinn 102. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Dalskóla og hófst hann kl. 17.15. Viðstödd voru: Ragnar Karl Jóhannsson, Haraldur Finnsson, Berghildur Erla Bernharðsdóttir og Hjörtur Lúðvíksson. Einnig voru viðstödd Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Kristinn Steinn Traustason, fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals, Þórir Jóhannsson fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts og Sólveig Reynisdóttir framkvæmdastjóri ÞÁG. Fundarritari var Trausti Jónsson.

### **Þetta gerðist:**

1. Fram fer kynning á starfsemi Dalskóla.  
Hildur Jóhannesdóttir skólastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.  
- Kl. 17.42 víkur Hildur af fundi.
2. Fram fer kynning á tillögum að verkefnum sem fara eiga í kosningu í ár í verkefninu hverfið mitt 2017.  
Unnur Margrét Arnardóttir verkefnisstjóri, Jökull Pálmar Jónsson, Auður Ólafsdóttir og Þórólfur Jónsson frá umhverfis- og skipulagssviði taka sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Lögð fram umsókn Hjólakrafts í forvarnarsjóð Reykjavíkur.  
Samþykkt að styrkja verkefnið að upphæð kr. 367.000.
4. Fram fer umræða um breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur hvað varðar veitinga og gististaði.  
Frestað.
5. Lögð fram styrkbeiðni Litla forvarnarteymisins vegna verkefnisins Sumarið er tíminn 2017 þar sem óskað er eftir styrk upp á 45.000.-  
Samþykkt.
6. Fram fer umræða um umferðaröryggi barna við framkvæmdasvæði á Úlfarsbraut.

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals beinir þeim tilmælum til strætó bs. og framkvæmdaraðila að hugað verði að umferðaröryggi og ítrekar ábendingar frá foreldrum um hraðakstur í hverfinu.

### **Fundi slitið kl. 18.42**

|                    |                        |                                 |
|--------------------|------------------------|---------------------------------|
| Haraldur Finnsson  | Ragnar Karl Jóhannsson | Berghildur Erla Bernharðsdóttir |
| Hjörtur Lúðvíksson |                        |                                 |